

ÖLDRUNARFRÆÐA FÉLAG ÍSLANDS

Aðalfundur Öldrunarfræðafélags Íslands var haldinn miðvikudaginn 19. mars 2025
Kl. 17.00 – 18.00 í fundarsal iðjupjálfunar á Landakotsspítala

Fundarstjóri: Selma Björk Hauksdóttir

Fundarritari: Margrét Guðnadóttir

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar og vísindasjóðs.
2. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.
3. Kosning stjórnar, sbr. 6. gr.
4. Kosning stjórnar vísindasjóðs félagsins, sbr. 8. gr.
5. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga til eins árs.
6. Árgjald ákveðið.
7. Lagabreytingar, sbr. 11. gr.
8. Önnur mál.

1. Skýrsla stjórnar og vísindasjóðs

Sirry Sif Sigurlaugardóttir, formaður ÖLD flutti skýrslu stjórnar, sjá fylgiskjal 1. Skýrsla samþykkt einhljóma af fundarmönnum. Í stjórn á starfsárinu 2024-2025 sátu; Sirry Sif Sigurlaugardóttir félagsráðgjafi formaður stjórnar, Svanborg Kristinsdóttir, iðjupjálfi, gjaldkeri, Berglind Blöndal næringarfræðingur, varaformaður, Margrét Guðnadóttir hjúkrunarfræðingur, ritari og Guðrún Día Hjaltested, sjúkrapjálfi, meðstjórnandi. Guðrún Reykdal, formaður vísindasjóðs flutti skýrslu sjóðsins, sjá fylgiskjal 2. Skýrsla samþykkt af fundarmönnum.

2. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar

Svanborg Kristinsdóttir gjaldkeri fór yfir reikninga félagsins. Bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.

3. Kosning stjórnar, sbr. 6. gr.

Sirry Sif Sigurlaugardóttir, formaður stjórnar, hefur lokið stjórnarsetu sinni. Guðrún Día Hjaltested, meðstjórnandi óskar eftir að ganga úr stjórn. Þeirra í stað hafa boðið sig fram í stjórn Katrín Knudsen, félagsráðgjafi og Ingunn Katrín Jónsdóttir, sjúkrapjálfi.

Samþykkt var samhljóða eftirfarandi stjórnarskipan 2025-2026:

Berglind Blöndal næringarfræðingur, formaður stjórnar. Kt. 140577-3169

Margrét Guðnadóttir hjúkrunarfræðingur. Kt. 060776-4079

Svanborg Guðmundsdóttir, iðjupjálfi. Kt. 110874-4219

Katrín Knudsen, félagsráðgjafi. Kt. 021280-5699

Ingunn Katrín Jónsdóttir, sjúkrapjálfi. Kt. 190794-2969

Ný stjórn þakkaði fráfarandi stjórnarmönnun fyrir vel unnin störf. Markmið stjórnar verður enn sem áður að efla starfsemi félagsins og stuðla að aukinni umræðu um málefni eldra fólks í samfélaginu.

4. Kosning stjórnar vísindasjóðs, sbr. 8. gr.

Stjórn vísindasjóðs verður óbreytt. Í stjórn sitja: Guðrún Reykdal, félagsráðgjafi, Sigrún Sunna Skúladóttir, hjúkrunarfræðingur og Vilborg Kolbrún Vilmundardóttir, næringarfræðingur.

5. Kosning tveggja skoðunarmanna til eins árs

Ragnheiður Kristjánsdóttir og Pétur Þorsteinsson gefa áfram kost á sér. Samþykkt samhljóða.

6. Árgjald ákveðið

Sirry Sif Sigurlaugardóttir formaður lagði til að árgjald yrði hækkað úr kr. 2000 í kr. 3000. Var það samþykkt samhljóða.

7. Lagabreytingar, sbr. 11. gr.

Engar tillögur að lagabreytingum lagðar fram á fundi.

8. Önnur mál.

- a. Svanborg gjaldkeri upplýsir fund um nýskráðar verklagsreglur gjaldkera sem hafa verið í vinnslu. Verklagsreglur þessar eru hugsaðar til að liðka til fyrir ferli þegar skipt er um gjaldkera í stjórn. Svanborg mun afhenda nýjum formanni stjórnar verklagsreglurnar.
- b. Umræða um miðlun upplýsinga varðandi auglýsta styrki. Stjórn Öldrunarfræðafélagsins mun taka áfram umræðuna um hvar skuli auglýsa styrki vísindasjóðs félagsins svo að auglýsingin nái til þeirra nemenda og fræðimanna sem vinna að verkefnum og rannsóknum innan öldrunarfræða.

Fundi slitið kl. 18.

Fundargerð ritaði: Margrét Guðnadóttir

Ársskýrsla stjórnar Öldrunarfræðafélags Íslands

Aðalfundur 19. mars 2025 kl.16:30 í sal iðjubjálfunar á Landakotsspítala í Reykjavík

Stjórn Öldrunarfræðafélags Íslands leggur hér fram ársskýrslu fyrir starfsárið 2024–2025. Árið hefur verið viðburðaríkt og skemmtilegt.

Stjórn Öldrunarfræðafélags Íslands skipa:

- **Sirry Sif Sigurlaugardóttir**, félagsráðgjafi MA og doktorsnemi, formaður
- **Berglind Soffía Blöndal**, næringarfræðingur PhD, varaformaður
- **Margrét Guðnadóttir**, hjúkrunarfræðingur PhD, ritari
- **Svanborg Guðmundsdóttir**, iðjubjálfi, gjaldkeri
- **Guðrún Día Hjaltsted**, sjúkrabjálfari, meðstjórnandi

Stjórn Vísindasjóðs skipa:

- **Guðrún Reykdal**, félagsráðgjafi, formaður
- **Sigrún Sunna Skúladóttir**, hjúkrunarfræðingur PhD, meðstjórnandi
- **Vilborg Kolbrún Vilmundardóttir**, næringarfræðingur og doktorsnemi, meðstjórnandi

Stjórnin hefur haldið tíu formlega stjórnarfundum á árinu, auk fjölda óformlegra samskipta og undirbúningsvinnu. Fundir eru haldnir í gegnum fjarfundabúnað og kostnaði þannig haldið í lágmarki.

- **Þátttaka í NGF** – Formaður félagsins sótti aðalfund NGF í Stokkhólmi í júlí 2024, tók þátt í ráðstefnu NGF á Karolinska og matsfundum framkvæmdastjórnar eftir hana.
- 27. Norðurlandaráðstefnan um öldrunarfræði var haldin dagana 12.–14. júní 2024 á Karolinska Institutet í Stokkhólmi undir yfirskriftinni *Ageing in a transforming world*.

Félagið hefur miðlað fréttabréfi NGF og sent inn efni í það, þar á meðal upplýsingar um:

- Doktorsvörn Margrétar Guðnadóttur í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands
- Nýjungar í þjónustu við aldraða á Íslandi í tengslum við Gott að eldast verkefnið.
- Doktorsvörn Freyju Jónsdóttur í lyfjafræði við Háskóla Íslands
- Doktorsvörn Vöku Valsdóttur í sálfræði við Háskólann í Reykjavík
- Doktorsvörn Berglindar Soffíu Blöndal í næringarfræði við Háskóla Íslands

Umsagnir og álit – Stjórnin veitti umsagnir um þrjú frumvörp til laga og þingsályktunartillögu:

- **Umsögn um þingskjal 115 (búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum)** þar sem félagið lagði áherslu á mikilvægi nærþjónustu, samþættrar heimaþjónustu og heilsueflandi samfélaga til að styðja við sjálfstæði eldra fólks.

- **Umsögn um þingskjal 79 (réttur til sambúðar í hjúkrunarrýmum)** þar sem félagið gagnrýndi að breytingin samræmdist illa núverandi stefnu stjórnvalda, benti á skort á kostnaðarmati og mikilvægi þess að ákvarðanir um dvöl byggist á þjónustuþörf og færni- og heilsumati.
- **Umsögn um þingskjal 76 (dánaraðstoð)** þar sem félagið lagði áherslu á nauðsyn frekari umræðu og undirbúnings áður en dánaraðstoð yrði heimiluð með lögum. Félagið benti á mikilvægi þess að efla líknar- og lífslokameðferð og að tryggja að allir sem þurfa á slíkri þjónustu að halda hafi aðgang að henni.

Félagið lagði í öllum umsögnum áherslu á að það væri reiðubúið til að taka þátt í frekara samtali um stefnumótun í öldrunarþjónustu.

Fræðsluhlutverki sínu hefur félagið sinnt með nýjum hætti því skipulagðir hafa verið rafrænir fræðslufundir í hádeginu á virkum dögum einu sinni í mánuði á vormisseri. Þeir hafa verið afar vel sóttir og samstaða innan stjórnar um að halda áfram að bjóða upp á þá. Þeir eru öllum opnir án endurgjalds og upptakan gerð aðgengileg á heimasíðu félagsins eftir fundinn.

Fjárhagsstaða félagsins: Gjaldkeri félagsins leggur fram yfirlit yfir fjárhagsstöðu félagsins fyrir árið. Félagið hefur rekið sig á ábyrgum grunni og tekjur þess hafa eingöngu komið frá félagsgjöldum og vöxtum eigna.

Stjórn Öldrunarfræðafélags Íslands vill þakka félagsmönnum fyrir virka þátttöku og stuðning á árinu. Við hlökkum til áframhaldandi samstarfs og spennandi verkefna á næsta starfsári. Sitjandi formaður lýkur í dag sínu síðasta kjörtímabili sem aðalmaður í stjórn og þakkar kærlega fyrir.

Virðingarfyllt,

Sirry Sif Sigurlaugardóttir

Formaður Stjórnar Öldrunarfræðafélags Íslands

Skýrsla Vísindasjóðs Öldrunarfræðafélags Íslands 2024 til 2025

Í stjórn Vísindasjóðs Öldrunarfræðafélags Íslands frá 2022 eru:

- Guðrún Björk Reykdal, formaður vísindasjóðs, MA, félagsráðgjafi, verkefnisstjóri við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands.
- Sigrún Sunna Skúladóttir, Phd í heilbrigðisvísindum, lektor við Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild Háskóla Íslands.
- Vilborg Kolbrún Vilmundardóttir, MSc, næringarfræðingur, stundar doktorsnám í næringarfræði og er aðjunkt við Matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands.

Styrkveiting 2025

Upphaflegur umsóknarfrestur var til 20. janúar 2025. Ein umsókn barst innan þeirra tímamarka. Umsóknarfrestur var framlengdur til 9. febrúar 2025 og bárust alls fjórar umsóknir á þremur mismunandi fræðasviðum.

Umsóknir voru mjög jafnar. Niðurstaða vísindanefndar eftir mat á umsóknum sem tók tillit til fjölmargra þátta var að veita tveimur umsækjendum styrk.

Styrkþegar:

Emese Kenderesi, „Vannæring aldraðra á bráðamóttöku: Algengi, orsakir og leiðir til úrbóta eftir að heim er komið.“ Leiðbeinandi hennar er Ólöf Guðný Geirsdóttir, prófessor í Matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands.


Styrkupphæð: 150.000 kr.

Kristín Una Hólmarsdóttir, „Mat á áhrifum matarlystar og munnbrigða á næringarástand aldraðra einstaklinga.“ Leiðbeinandi hennar er Ólöf Guðný Geirsdóttir, prófessor í Matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands.

Styrkupphæð: 150.000 kr.

4. mars 2025.

Fyrir hönd Vísindasjóðs Öldrunarfræðafélags Íslands,



Guðrún Björk Reykdal, formaður Vísindasjóðs ÖLD.

Eignir

Lýsing	Upphæð (ISK)
43180 / Vörslusafn	11.456.000
Aðalreikningur 0513-14101959	5.662
Vild-Fyrirt 0513-26-009757	313.019
Samtals eignir	11.774.681

Tekjur

Lýsing	Upphæð (ISK)
Árgjald (91 x 2150)	195.650
Vextir	11.718
Samtals tekjur	207.368

Útgjöld

Lýsing	Upphæð (ISK)
Styrkur til öldrunarrannsókna	300.000
Málþing	147.361
NGF félagsgjöld	89.524
NKG ráðstefnukostnaður	587.796
Þjónustugjald innheimtuþjónusta	11.105
Fjármagnstekjuskattur	2.578
Internet á Íslandi hf.	6.789
Basic markaðsstofa ehf.	55.651
Kostnaður aðalfundur	14.890
Öldrunarráð félagsgjald	19.850
NKG fundur	81.692
Samtals útgjöld	1.317.236

Yfirlit

- Samtals eignir: 11.774.681 ISK
- Samtals tekjur: 195.650 ISK
- Samtals útgjöld: 1.317.236 ISK
- Hrein rekstrarniðurstaða: -1.121.586 ISK (Halli rekstursins)

Gjaldkeri Öldrunarfræðafélags Íslands

Undirskrift:

Endurskoðendur reikninga

Undirskrift:

20 ¹⁸/₃ 25
RK